

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.5.2015
Málalykill	00.86
Mál nr.	1505179

7. maí 2015, Seltjarnarnesi

Ályktun aðalfundar Skólastjórafélags Reykjaness 7. maí.

Nú standa yfir samningaviðræður SÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga skólastjórnaenda en samningur þessara aðila rennur út 31. maí 2015. Aðalfundur Skólastjórafélags Reykjaness, haldinn á Seltjarnarnesi 7. maí 2015, fer fram á að hlustað verði á kröfur frá skólastjórnum og að brugðist verði við þeim strax.

Fjöldi nýrra verkefna hefur verið bætt inn í skólana síðustu ár og hvíla þau á herðum skólastjórnaenda. Störf þeirra hafa því orðið mun flóknari á síðustu árum.

Nú síðast sömdu Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga um að skólastjórnum ættu að innleiða vinnumat og framfylgja nýjum kjarasamningi kennara sem eykur enn vinnuálag á skólastjórnum.

Félag Skólastjórnaenda á Reykjanesi krefst þess að fullt tillit verði tekið til álags og ábyrgðar skólastjórnaenda í grunnskólum. Því er það krafa okkar að að prósentuhækkun launa skólastjórnaenda verði í engu tilfelli lægri en þær prósentuhækkningar sem Samband íslenskra sveitarfélaga samdi um við Félag grunnskólakennara.

Samþykkt á aðalfundi 7. maí 2015

Skólastjórafélag Reykjaness;
 Skólastjórar grunnskóla Hafnarfjarðar
 Skólastjórar grunnskóla Garðabæjar
 Skólastjórar grunnskóla Kópavogs
 Skólastjórar grunnskóla Mosfellsbæjar
 Skólastjórar grunnskóla Grindavíkur
 Skólastjórar grunnskóla Reykjanessbæjar
 Skólastjórar grunnskólans í Vogum
 Skólastjórar grunnskólans í Garði
 Skólastjórar grunnskólans í Sandgerði
 Skólastjórar grunnskóla Seltjarnarness